

Skipulagsstofnun
b.t. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. október 2021
UST202109-218/A.Þ.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – sæstrengur frá Íslandi til Írlands

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 22. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Líkt og fram kemur í tilkynningarskýrslu er framkvæmdin háð samþykki Umhverfisstofnunar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun bendir á að með þessari umsögn er stofnunin ekki að veita samþykki fyrir lagningu strengsins. Í umsókn til stofnunarinnar um lagningu sæstrengs skulu þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 5. gr. reglugerðar nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjávarleiðslna fylgja.

Framkvæmdalýsing

Farice ehf. áformar að leggja sæstreng frá Íslandi til Írlands. Um er að ræða hefðbundinn ljósleiðarastreng, jarðskautsstreng og rafmagnsstreng. Til stendur að taka strenginn í land í Hafnarvík í Ölfusi í um 3 km fjarlægð frá þéttbýli Þorlákshafnar. Á landi verða strengirnir plægðir eða grafnir niður á u.þ.b. 1,5 m dýpi. Næst landi vera strengirnir lagðir í skurð af köfurum og frá 15 m vatnsdýpi að 1.500 m dýpi verða strengirnir lagðir með sérstökum plóg sem dreginn er áfram af kapalskipi. Plógurinn sjálfur er 5 m en skurðurinn 0,75 m breiður og verða strengirnir plægðir 1,5 m ofan í botninn. Á þeim svæðum þar sem ekki er unnt að plægja og á svæði þar sem hafdýpið er meira en 1.500 m verða strengirnir lagðir á botninn.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í apríl 2022 og að vinna í íslenskri lögsögu taki 6-8 vikur.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að plægingin valdi tímabundinni röskun á botni en að þegar strengirnir hafi verið lagðir lokist skurðurinn sjálfkrafa, mishratt eftir setgerð og sjávarstraumum.

Í skýrslunni segir að þeir þættir sem líklegastir eru til þess að verða fyrir áhrifum af völdum framkvæmdarinnar eru: jarðmyndanir/sjávarbotn, vistkerfi, menningarminjar, landslag og ásýnd, útivist og upplifun og samfélag. Þá segir að umhverfisáhrif

framkvæmdarinnar séu fyrst og fremst vegna plægingar strengs á sjávarbotni og í fjöru og verða mest á framkvæmdatíma en áhrifin eru talin óveruleg og afturkræf.

Hrygningarsvæði þorsks

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að strengurinn þræði á milli veiðisvæða snurvoðar og línuveiða og að leiðin hafi verið valin í samræmi við óskir útgerðar til að trufla sem minnst veiðar á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að svæði sunnan við Þorlákshöfn er þekkt fyrir að vera mikilvægt hrygningarsvæði þorsks. Stofnunin telur æskilegt að leitað verði eftir álitum Hafrannsóknarstofnunar á áhrif framkvæmdar á hrygningarsvæði þorsks.

Hraun

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að á fyrirhugaðri lóð í Þorlákshöfn þar sem endastöðin verður megi finna forsögulegt hraun frá nútíma sem rann úr Brennisteinsfjöllum en hraunið nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin eins og henni er lýst í tilkynningarskýrslu muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur